



Breytt kjör LSR lána

Öryggi, hagkvæmni, sveigjanleiki og frelsi eru kostir LSR lána

Sjóðfélagar í LSR hafa ávallt átt kost á hagstæðum sjóðfélagalánum og hefur LSR leitast við að hafa kjör lánanna með því besta sem gerist á lánamarkaði. Jafnframt eru sjóðfélagalán hagstæður ávöxtunarkostur fyrir sjóðinn. Í september árið 2004 ákvað stjórn LSR að breyta kjörum LSR lána og lánareglum.

Breytilegir vextir LSR lána voru lækkaðir úr 4,83% í 4,33% og náði breyting þessi til bæði nýrri og eldri lána. LSR hóf í sama mánuði að bjóða upp á sjóðfélagalán með föstum vöxtum frá 5 til 40 ára og eru vextir þeirra lána nú 4,15%. Auk þess voru gerðar mikilvægar breytingar á lánareglum LSR, þar sem hámarkslánstími sjóðfélagalána var lengdur úr 30 í 40 ár og veðsetning sem hlutfall af markaðsvirði hækkaði úr 55% í 65%, en skv. lögum

um lífeyrissjóði má veðsetningarhlutfall ekki vera hærra.

Pá er lánstími LSR lána eftir sem áður sveigjanlegur, 5 til 40 ár, ekkert gjald er tekið fyrir inngreiðslu eða uppgreiðslu láns og engin takmörk eru á því að flytja lán eða láta lán fylgja fasteign þegar eign er seld, enda sé nægjanlegt veðrými fyrir hendi. Þar sem engin almenn fjárhæðarmörk eru á sjóðfélagalánum LSR takmarkast lánsfjárhæð einungis af greiðslugetu lántakanda og því veði sem lagt er fram til tryggingar. LSR gerir ekki kröfu um fyrsta veðrétt. Pá eru gjöld fyrir veðflutninga og skilmálabreytingar með því lægsta sem gerist. Öryggi, hagkvæmni, sveigjanleiki og frelsi eru kostir LSR lána.

Með bros á vör á nýju ári. Fréttabréf LSR kemur nú út á fyrri hluta ársins og þótt komið sé fram í febrúar viljum við óska sjóðfélögum velfarnaðar á árinu.

Nýlegir samningar: Kennarar í grunn- skólum fá aukin séreignarréttindi

Í nýsamþykktum kjarasamningi grunnskólakennara er að finna mikilvæg ákvæði um séreignarsparnað. Réttindinerufólgini því að frá 1. janúar 2005 ber launagreiðanda að greiða kjarasamningsbundið mótframlag gegn framlagi launþegans. Forsenda þess að fá 2% hámarks mótframlag launagreiðanda er að launþegi spari sjálfur amk. 2% en algengt er að launþegi spari 4%. Slík séreignarréttindi eru sambærileg við það sem almennt hefur verið í kjarasamningum opinberra starfsmanna frá árinu 2002. Frá 1. janúar 2004 þegar afnumið var lögbundið mótframlag launagreiðanda, sem nam tíund af framlagi launþegans, hafa grunnskólakennarar ekki fengið neitt mótframlag inn á séreign sína. LSR hvetur alla grunnskólakennara til að taka þátt í séreignarsparnaði og fá þar með aukreitis 2% af heildarlaunum inn á séreign sína í hverjum mánuði.

Aukin skilvirkni með nýju lánakerfi hjá LSR

LSR hefur samið við hugbúnaðarfyrirtækið Libra ehf. um kaup og uppsetningu á lánakerfinu Libra Loan. Kerfið mun halda utan um allan lánaferil hjá LSR frá umsókn að útgreiðslu láns auk innheimtu. Helsti kostur kerfisins er sá að allar upplýsingar um lán og lántakendur eru aðgengilegar á einum stað auk þess sem möguleikar til skráningar á samskiptum við sjóðfélaga aukast verulega. Pá mun öll skjalagerð vegna lána verða einfaldari, en hingað til hefur hún verið í mörgum kerfum.

Þetta mun hafa í för með sér betri og markvissari afgreiðslu lána fyrir sjóðfélaga auk þess sem upplýsingamiðlun til banka, fasteignasala og annarra aðila sem tengjast fasteignaviðskiptum verður skilvirkari. Gert er ráð fyrir að kerfið verði tekið í notkun í apríl 2005. Í framhaldi af því er áætlað að veita sjóðfélögum aðgang að upplýsingum um lánamál sín á heimasíðu LSR og bæta þar með enn frekar þjónustu við lántakendur.

LSR lán

Á undanförunum vikum og mánuðum hefur lánastarfsemi LSR verið í brennidepli, enda hafa breytingarnar á lánamarkaði m.a. leitt til þess að sjóðfélagar spyrja nú mun meira en áður um kjör sjóðfélagalána almennt og velta í ríkari mæli fyrir sér áhrifum lánstíma og vaxta á greiðslubyrðina.

Sjóðurinn hefur brugðist við þessu með því að auka kynningu á LSR lánum með áherslu á þau atriði sem huga þarf að þegar lán eru tekin. Lögð hefur verið áhersla á kynningar-efni á heimasíðu sjóðsins og nýverið var ítarlegur upplýsingabæklingur sendur til allra virkra sjóðfélaga og lánþega. Lánastarfsemi LSR er óneitanlega mikilvægur

þáttur í þjónustu við sjóðfélaga og ávöxtun eigna sjóðsins. Kjarninn í starfsemi LSR lýtur þó fyrst og fremst að því meginhlutverki hans að tryggja sjóðfélögum fjárhagslegt öryggi við starfslok.

„Hlutlaus og óháð“ ráðgjöf

Mikil samkeppni ríkir milli séreignarsjóða um séreignarsparnað almennings og finnst mörgum snúid að gera greinarmun á þeim ólíku valkostum sem í boði eru. Séreignarsjóðir starfa allir eftir sambærilegum reglum og réttindi eiga því að vera sambærileg milli sjóða. Það er þó margt sem getur verið ólíkt, s.s. hvernig ávöxtun er háttáð, hve mikill fjölbreytileiki er við val á fjárfestingarstefnu og hvernig gjöldum og þóknunum er háttáð.

Það hefur borið á því að ýmsir sölumenn gefa sig út fyrir að veita „hlutlausa og óháða“ ráðgjöf varðandi séreignarsparnað. Rétt er að benda sjóðfélögum sem þiggja þannig ráðgjöf á að spyrja viðkomandi sölumann hvort hann sé með sölusamning við einhvern séreignarsjóð og hvort hann fái greitt fyrir þann samning. LSR hvetur sjóðfélaga sína til að kynna sér vel hina mismunandi séreignarsjóði, þá þjónustu sem hver sjóður veitir og taka í framhaldinu meðvitaða ákvörðun um val á þeim séreignarsjóði sem þeir treysta best fyrir séreignarsparnaði sínum.

LSR lán: Hagsmunir sjóðfélaga í fyrirrúmi

Rætt við Tómas N. Möller, lögfræðing LSR og LH



Það er kunnara en þörf er frá að greina að á liðnu misseri hafa mjög miklar breytingar orðið á framboði fasteignaveðlana til einstaklinga. Bankar, sparisjóðir og Íbúðalánasjóður keppast við að bjóða ný lán með betri kjörum.

Margir lífeyrissjóðir hafa um langt árabíl boðið sjóðfélögum sínum upp á sambærileg lán. Okkur hjá Fréttabréfinu lék forvitni á að vita hvaða áhrif breytingar á lánamarkaði kunni að hafa á útlán LSR til sjóðfélaga og leitum þvi svara við nokkrum spurningum hjá Tómasi Möller.

Fyrsta spurningin sem kemur upp í hugann er: Hvaða áhrif munu breytingarnar á lánamarkaðinum hafa á lánastarfsemi LSR?

Við munum hér eftir sem hingað til bjóða sjóðfélögum okkar upp á fasteignalán á hagstæðum kjörum samanborið við það sem aðrir bjóða á hverjum tíma. Við viljum sinna vel okkar sjóðfélögum, sem greiða verulegan hluta af launum sínum til okkar í formi lífeyrisiðgjalda.

En er eðlilegt að LSR veiti slík lán í samkeppni við banka og sparisjóði?

Þetta er sjónarmið sem stundum er haldið á lofti. Staðreyndin er hins vegar sú að hjá sjóðnum eru rúmlega 30.000 virkir sjóðfélagar og fjöldi með réttindi er um 70.000. Okkar hlutverk er að ávaxta með sem bestum hætti þá fjármuni sem þetta fólk hefur greitt til okkar. Það gerum við m.a. með kaupum á skuldabréfum og hlutabréfum, innlendum jafnt sem erlendum. Við ákvörðun um fjárfestingar lítum við til þeirrar ávöxtunar sem við getum vænst af fjárfestingunum, hve öruggir fjárfestingarkostirnir eru, og þá skiptir miklu máli að vera ekki með öll eggjin í sömu körfu. Það er okkar mat að fasteignaveðlán til sjóðfélaga séu mjög álitlegur fjárfestingarkostur. Þau eru góður liður í áhættudreifingu, útlánatöp eru hverfandi og ávöxtunin er vel ásætlanleg. Því má

segja að þessi viðskipti sjóðfélagens og LSR séu í þágu beggja þar sem þau gefa sjóðfélaganum kost á láni með sanngjörnum kjörum.

Sérð þú fyrir þér að LSR muni leggja aukna áherslu á útlán til sjóðfélaga í framtíðinni?

Það er okkar stefna að sinna vel þeirri starfsemi sem við erum í. Það á einnig við um sjóðfélagalán LSR. Ef þeim sem vilja taka lán hjá okkur fjölgar, þá munum við að sjálfsögðu taka því fagnandi.

Kjarninn í okkar þjónustu er að veita góða og faglega ráðgjöf. Það gerum við m.a. með því að veita sjóðfélögum okkar greinargóðar upplýsingar um kjör LSR lána og aðstoða þá við að taka ákvörðun um lán sem fellur sem best að þörfum þeirra.

Sjóðfélagalán nema nú um 14% af eignum LSR, sem er í samræmi við framtíðarstefnu LSR. Gera má ráð fyrir að samanlagðar eignir LSR tvöfaldist á næstu 5 til 7 árum og fari úr um 195 milljörðum í liðlega 390 milljarða króna. Við höfum því markað okkur þá stefnu að vera virkir þátttakendur á þessum markaði, enda fellur það vel bæði að hagsmunum sjóðfélagens og sjóðsins.

Að lokum langar okkur að vita hvað þú telur að sjóðfélagar eigi fyrst og fremst að hafa hugfast þegar þeir taka veðlán til langs tíma?

Það er erfitt að svara þessari spurningu í stuttu máli. Til að nefna nokkra mikilvæga þætti þá skipta vextir vitanlega höfuðmáli en einnig þarf að líta til fleiri þátta eins og hvort heimilt sé að greiða inn á lánið án kostnaðar, hvort lánstími sé sveigjanlegur, hvort krafa sé gerð um fyrsta veðrétt og síðast en ekki síst hvort ákvörðun vaxta sé tengd kröfu um önnur viðskipti við lánveitandann. Umfram allt er þó mikilvægt að fólk skoði allar forsendur vel, leiti sér áreiðanlega upplýsinga og reikni dæmið til enda. Í því sambandi vil ég vekja athygli á heimasíðu okkar, www.lsr.is, þar sem er að finna mikið af aðgengilegu efni sem ætti að gefa greinagóð svör við þeim spurningum sem vakna þegar ákvörðun um lán er tekin. Jafnframt er starfsfólk LSR reiðubúið að greiða götu fólks.

Nokkrir kostir LSR lána

Vaxtakjör LSR lána eru ekki tengd öðrum viðskiptum og breytast ekki þótt lán sé yfirtekið af einstaklingi sem hefur ekki greitt til LSR. Heimilt er að greiða LSR lán upp að hluta eða öllu leyti án nokkurs kostnaðar. Lánstími LSR lána er sveigjanlegur, 5 til 40 ár, og heimilt er að stytta eða lengja greiðslutímamann hvenær sem er á lánstímanum. Sú staðreynd að LSR krefst ekki 1. veðréttar getur gert

LSR lán að hagkvæmum kosti við endurfjármögnun eldri lána þegar lántakandi kys að halda hluta eldri lána á eign sinni. LSR tekur ekki þóknun þegar nýtt LSR lán er tekið til uppgreiðslu annarra lána lántakandans. Það er ekki síst þetta sem vert er að minnast þegar skoðuð er hagkvæmni þess að stokka upp lánamálin.

Sér-leið – þægilegur og öruggur kostur við val á fjárfestingarleið

Séreign LSR býður upp á þrjár fjárfestingarleiðir auk Sér-leiðar. Þeir sjóðfélagar sem velja Sér-leið fara sjálfkrafa í þá fjárfestingarleið sem hæfir aldri þeirra. Markmið Sér-leiðar er að draga úr vægi áhættumeiri fjárfestinga eftir því sem sjóðfélagi eldist og nær dregur lífeyrisgreiðslum. Uppbygging Sér-leiðar miðar að því að nýta innborgunarárin fram að 55 ára aldri með áhættumeiri fjárfestingarstefnu þar sem ávöxtunarmöguleikarnir eru mestir. Langur binditími séreignarsparnaðar gefur kost á því að sýna þolinmæði og biða af sér sveiflur í ávöxtun. Þegar nær dregur lífeyristökualdri verða sjóðfélagar í Sér-leið sjálfkrafa fluttir yfir í áhættuminni leið og þegar taka séreignarlífeyris hefst, þá er eignin flutt yfir á verðtrygðan innlánsreikning.

Í Sér-leið er sjóðfélaginn hvattur til að treysta valinni fjárfestingarstefnu þó að sveiflur geti orðið í ávöxtun. Slík stefna er almennt talin hagstæðari en sú stefna sem reynir að elta toppa í ávöxtun með því að skipta oft um fjárfestingarleið.

Áhættudreifing í Sér-leið er nýtt til fulls við flutning á milli fjárfestingarleiða. Staðlaður flutningur séreignar milli leiða er með dreifingu til 24 mánaða. Það þýðir að verðbréfaeign sjóðfélaga er ekki flutt á milli leiða í heilu lagi heldur er flutningnum dreift á fleiri dagsetningar.

LSR hvetur sjóðfélaga sína til að taka meðvitaða ákvörðun um þá fjárfestingarleið sem notuð er við ávöxtun séreignarsparnaðarinnar.

	Fjárfestingarstefna				Innlánsreikningur	Sveiflur í ávöxtun	Aldur í Sér-leið
	Erlend hlutabréf	Innlend hlutabréf	Erlend skuldabréf	Innlend skuldabréf			
Leið I	35%	10%	5%	50%		meiri sveiflur	54 ára og yngri
Leið II	15%	5%	5%	75%		minni sveiflur	55 ára og eldri
Leið III					100%	lágmarkssveiflur	lífeyrisþegar

Séreign LSR – eignir komnar yfir 3 milljarða

Í lok október sl. náðu heildareignir fjárfestingarleiða Séreignar LSR þriggja milljarða markinu. Í lok árs voru eignir Séreignar LSR rúmir 3,2 ma. kr. og hafði hrein eign deildarinnar hækkað um tæplega 920 m.kr. frá byrjun árs 2004 eða um rúmlega 40%. Í meðfylgjandi töflu má sjá hvernig skipting eignar er á milli fjárfestingarleiða í lok árs 2004 og þróun eigna milli ára.

	Markaðsvirði verðbréfaeigna 31.12.2004		Markaðsvirði verðbréfaeigna 31.12.2003		Breyting %
	Pús. kr.	Hlutfall	Pús. kr.		
Leið I	2.295.648	71,6%	1.680.216	36,6%	
Leið II	635.355	19,8%	400.943	58,5%	
Leið III	277.423	8,6%	207.926	33,4%	
Samtals	3.208.426	100,0%	2.289.085	40,2%	

Sjóðfélagavefur LSR

Opinn öllum sjóðfélögum á árinu

Sjóðfélagar í Séreign LSR hafa frá því á árinu 2004 getað nýtt sér þá þjónustu að geta sótt upplýsingar um séreign sína hvenær sem þeim hentar á nýjum sjóðfélagavef LSR. Þessi þjónusta á vefnum hefur mælst vel fyrir og er stefnt að því að á þessu ári verði opnaður aðgangur fyrir alla sjóðfélaga LSR. Upplýsingar um réttindi og iðgjaldahreyfingar í A- og B-deildum LSR og LH verða þá aðgengilegar sjóðfélögum með einföldum hætti.

Séreign LSR

Einfalt að hefja sparnað

Það er einfalt að hefja séreignarlífeyrisparnað hjá Séreign LSR. Sjóðfélagar þurfa einungis að útfylla eitt samningseyðublað sem þeir senda til Séreignar LSR og sjóðurinn mun sjá um að hafa samband við launagreiðanda til að hefja sparnaðinn. Margir valkostir eru í boði fyrir almenning til að ávaxta séreignarsparnað sinn og eru allir sjóðfélagar hvattir til að hafa samband við ráðgjafa Séreignar LSR til að fá nánari upplýsingar um þjónustu sjóðsins og ráðgjöf um séreignarsparnað. Við minnum á slóð heimasíðu LSR: www.lsr.is, símanúmer LSR er 510-6100 og einnig er unnt að senda tölvupóst til Séreignar LSR á netfangið sereign@lsr.is.

Hagkvæmur sparnaður

2.490 króna minni ráðstöfunartekjur verða 8.000 krónur í séreign

Séreignarsparnaður er eitt hagstæðasta sparnaðarform sem völ er á og þar skiptir máli, auk framlags launþega, móttframlag launagreiðanda og skattalegt hagræði. Forsenda þess að fá 2% hámarks móttframlag launagreiðanda af heildarlaunum er að launþeginn spari sjálfur a.m.k. 2% en algengt er að launþegi spari 4%. Skattalegt hagræði helgast af því að hvorki er greiddur fjármagnstekjuskattur né eignaskattur af sparnaðinum og móttframlag launagreiðanda gerir það síðan að verkum að enginn annar sparnaður stenst samanburð við séreignarsparnað. Með móttframlagi launagreiðandans er bætt umtalsverðri fjárhæð við hverja innborgun og vegna skattfrestunar lækka ráðstöfunartekjur um lægri fjárhæð en sem nemur framlagi launþegans.

Til nánari skýringar er gott að taka dæmi. Miðað er við 200.000 kr. heildarlaun og 2% framlag launþegans. Starfsmaður leggur mánaðarlega fyrir í séreignarlífeyrisparnað 4.000 kr. af launum. Að auki fær hann 4.000 kr. móttframlag frá launagreiðanda. Heildarsparnaður á mánuði er því samtals 8.000 kr. Vegna þess að iðgjöldin eru reiknuð af óskattlögðum tekjum, þá lækka ráðstöfunartekjur einungis um 2.490 kr. þar sem iðgjaldið kemur til lækkunar á skattstofni. Með því að verja 2.490 kr. af mánaðarlegum ráðstöfunartekjum má mynda séreignarlífeyrisparnað upp á 8.000 kr. Rétt er þó að hafa í huga að inneignin er skattlögð við útborgun.

Svona lítur dæmið út:

2% framlag þitt	4.000
raunverulegt framlag	2.490
lækkun á skattstofni	1.510
	<hr/>
	4.000
Móttframlag launagreiðanda	4.000
	<hr/>
Samtals séreign á mánuði	8.000
Miðað er við 200.000 kr. heildarlaun	

Með móttframlagi launagreiðandans tvöfaldast hver innborgun þín og vegna skattfrestunar lækka ráðstöfunartekjur þínar um lægri fjárhæð en sem nemur framlagi þínu.

Er hægt að skipta um starf og vera áfram í B-deild LSR?

Sjóðfélagi í B-deild LSR sem skiptir um starf og fer frá einum launagreiðanda til annars getur í vissum tilfellum tapað aðild sinni að B-deild. Þetta á þó ekki við þegar sjóðfélagi fer á milli launagreiðenda sem aðild eiga að B-deildinni. Þannig má taka sem dæmi að kennari sem fer frá einu sveitarfélagi til annars og starfar áfram við kennslu missir ekki aðild að B-deild.

Sjóðfélagi, sem fer úr starfi hjá ríki og ræður sig til starfa hjá sveitarfélagi sem á aðild að B-deild LSR, tapar ekki aðild. Ráði hann sig hins vegar til starfa hjá sveitarfélagi sem ekki á aðild að B-deild LSR missir hann rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild. Sjóðfélagi í B-deild, sem af einhverjum ástæðum gerir hlé á starfi sínu og greiðir ekki iðgjald til B-deildar í 12 mánuði eða lengur, missir aðildina. Þetta á þó ekki við í þeim tilvikum þegar formlegu ráðningarsambandi við launagreiðanda er ekki slitið á tímabilinu.

Í öllum tilvikum ættu sjóðfélagar í B-deild að huga að lífeyris-sjóðsaðild sinni áður en ákvörðun um að færa sig til í starfi er tekin. Rétt er að benda á að áunnin réttindi í B-deild eru verðtryggð þegar sjóðfélagi hefur greitt í a.m.k. þrjú ár til deildarinnar. Þeir sem af einhverjum ástæðum hætta að greiða iðgjald til B-deildar eiga vel geymda eign sem kemur til útborgunar þegar 65 ára aldri er náð.

Fréttabréf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.
Ábyrgðarmaður: Haukur Hafsteinnsson
Umsjón: Ágústa H. Gísladóttir
Hönnun og umbrot: Tunglið auglýsingastofa

Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 Sími: 510 6100
Símatími 9:00–16:00
Afgreiðslutími 9:00–15:30



Bankastræti 7 • 101 Reykjavík • Sími: 510 6100
Fax: 510 6150 • lsr@sr.is • www.lsr.is

Áframhaldandi aðild eftir að starf er lagt niður

Sé staða, sem sjóðfélagi í B-deild gegnir, lögð niður og hann þarf af þeirri ástæðu að skipta um starf, hindrar það allajafna ekki áframhaldandi aðild hans að B-deild LSR, þótt hið nýja starf sé ekki á vegum hins opinbera, stofnunar eða sveitarfélags sem tryggir starfsfólk sitt hjá sjóðnum. Hægt er að sækja um áframhaldandi aðild – einstaklingsaðild

– að B-deild LSR á grundvelli niðurlagðrar stöðu. Í þeim tilvikum sem sjóðfélagi fær samþykki stjórnar sjóðsins fyrir áframhaldandi aðild miðast iðgjaldagreiðslur hans eftir sem áður við laun fyrir hið niðurlagða starf og taka þau sömu meðalbreytingum og verða á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna.



Kynningar- og samráðsfundur sjóðfélaga á lífeyri, maí 2004

Hvenær hefst lífeyristaka?

Lífeyristökualdur er mismunandi milli deilda LSR og LH. Hér verður fjallað stuttlega um nokkrar helstu reglur sjóðanna um rétt til töku lífeyris.

A-deild LSR

Sjóðfélagar í A-deild LSR geta hafið töku lífeyris hvenær sem er á aldrinum 60 til 70 ára og þurfa ekki að vera hættir störfum þegar taka lífeyris hefst. Upphæð lífeyris reiknast út frá því hvenær sjóðfélagi hefur töku lífeyris. Almennur lífeyristökualdur er 65 ár og er þá greiddur fullur lífeyrir. Lífeyrir lækkar um 6% fyrir hvert ár sem sjóðfélagi fær greiddan lífeyri á aldrinum frá 60 til 65 ára. Lífeyririnn eykst hins vegar um 9% fyrir hvert ár sem lífeyristöku er frestað fram yfir 65 ára aldur. Lífeyrir greiðist til æviloka með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

B-deild LSR

Réttur sjóðfélaga í B-deild LSR fylgir annarri af tveimur reglum, almennu reglunni eða 95 ára reglunni. Ef sjóðfélagi velur almennu regluna á hann rétt á lífeyri þegar hann nær 65 ára aldri og hefur látið af starfi sem veitir honum aðild að sjóðnum. Ef sjóðfélagi hefur tök á að velja 95 ára regluna, á hann þess kost að hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur en þó

aldrei fyrr en hann hefur náð 60 ára aldri.

LH

Réttur sjóðfélaga í LH fylgir sömu reglum og gilda um B-deild LSR, almennu reglunni og 95 ára reglunni. Þann 1. janúar 1997 varð umtalsverð breyting á LH. Samkvæmt eldri reglum áttu sjóðfélagar almennt rétt til töku lífeyris við 60 ára aldur. Nú er hinn almenni lífeyristökualdur 65 ár. Af þessum sökum var sett aðlögunarregla sem gefur sjóðfélögum, sem voru á aldrinum 45 til 60 ára árið 1997, rétt til að hefja töku lífeyris þegar þeir eru 60 til 65 ára að aldri.

Séreign LSR

Sjóðfélagar í Séreign LSR öðlast rétt til útborgunar séreignarlífeyris við 60 ára aldur og við 67 ára aldur getur sjóðfélagi fengið heildareign sína borgaða út. Sveigjanlegar útborgunarreglur gefa sjóðfélögum kost á því að miða útborgun við þarfir sínar og velja um mismunandi leiðir til útborgunar, til dæmis með jöfnum mánaðarlegum eða árlegum greiðslum frá 60 ára aldri, með lágmarksdreifingu til 7 ára. Einnig er hægt að óska eftir greiðslu tiltekinnar upphæðar sem rúmast innan útborgunarréttar, eða eingreiðslu eftir 67 ára aldur.